

Breytingartillagan gerir ráð fyrir fjórbýlishúsum á lóðunum nr. 11 og 13 við Fífumóa. Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 13. febrúar 2002.

Ellert Eiríksson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um breytta tilhögun ríkisfóhirslu.

Ríkisbókhaldi hefur verið falin ríkisfóhirsla frá og með 1. mars 2002. Frá þeim tíma mun starfsemi ríkisfóhirslu heyra undir ríkisbókhald. Afgreiðslan verður áfram að Sölvhólsgötu 7, Reykjavík.

Fjármálaráðuneytinu, 11. febrúar 2002.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Þórhallur Arason.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 456, 11. júní 2001, um loðnuveiðar íslenskra skipa 2001/2002.

1. gr.

Í stað: „968.389 lestir“ í 2. mgr. 2. gr. komi: 996.202 lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, og laga nr. 151, 27. desember 1997, um veiðar utan lögsögu Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 21. febrúar 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.